

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/904

2021/EES/71/30

frá 5. júní 2019

um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Plast hefur mikið notagildi og er hlutfallslega ódýrt sem þýðir að þessi efniviður verður síffellt útbreiddari í daglegu lífi. Þó að plast gegni gagnlegu hlutverki innan hagkerfisins og notkun þess sé nauðsynleg á mörgum sviðum þýðir vaxandi notkun þess í vörur til skammtímanotkunar, sem eru ekki fallnar til endurnotkunar eða kostnaðarhagkvæmrar endurvinnslu, að tengd framleiðslu- og neyslumynstur hafa orðið síffellt óhagkvæmari og línulegri. Í tengslum við aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi, sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2015 sem ber yfirskriftina „Closing the loop – An EU action plan for the Circular Economy“ (Hringnum lokað – aðgerðaáætlun ESB um hringrásarhagkerfið), komst framkvæmdastjórnin því að þeirri niðurstöðu í evrópskri stefnuáætlun um plast, sem mælt er fyrir um í orðsendingu hennar frá 16. janúar 2018 sem ber yfirskriftina „A European Strategy for Plastics in a Circular Economy“ (evrópsk stefnuáætlun um plast í hringrásarhagkerfi), að ráðast yrði gegn síffeldri aukningu á myndun plastúrgangs og að plastúrgangur leki út í umhverfið, einkum út í sjávarumhverfið, til að ná fram hringrásarvisterli fyrir plast. Evrópska stefnuáætlunin um plast er skref í þá átt að koma á hringrásarhagkerfi þar sem við hönnun og framleiðslu á plasti og plastvörum er tekið fullt tillit til þarfa fyrir endurnotkun, viðgerð og endurvinnslu og þar sem sjálfbærari efniviðir eru þróaðir og komið á framfæri. Umtalsverð neikvæð áhrif tiltekinna plastvara á umhverfi, heilbrigði og hagkerfi kalla á að komið verði á sértækum lagaramma til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum á árangursríkan hátt.
- 2) Þessi tilskipun stuðlar að hringrásarnálgunum sem setja í forgang endurnotanlegar vörur, sem eru sjálfbærar og ekki eitradar, og endurnotkunarkerfi frekar en einnota vörur, fyrst og fremst með það að markmiði að draga úr því magni úrgangs sem myndast. Slíkar forvarnir gegn myndun úrgangs eru hátindur úrgangsmetakerfisins sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (4). Þessi tilskipun mun stuðla að því að ná fram 12. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna (SP) um sjálfbæra þróun til að sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 155, 12.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 207.

(2) Stjttíð. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 210.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2019.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjttíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

er hluti af áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 sem allsherjarþing SP samþykkti 25. september 2015. Með því að halda verðmæti vara og efniviða eins lengi og mögulegt er og mynda minni úrgang getur hagkerfi Sambandsins orðið samkeppnishæfara og þolbetra samhliða því að dregið er úr þrýstingi á verðmætar auðlindir og á umhverfið.

- 3) Rusl í sjó berst yfir landamæri og er viðurkennt sem vaxandi hnattrænt vandamál. Að draga úr rusli í sjó er lykilaðgerð í því að ná fram 14. heimsmarkmiði SP um sjálfbæra þróun þar sem kallað er eftir því að vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Sambandið verður að eiga sinn þátt í að koma í veg fyrir og ráðast gegn rusl í sjó og miða að því að verða fyrirmynd fyrir heiminn. Í því samhengi vinnur Sambandið með samstarfsaðilum á mörgum alþjóðlegum vettvöngum, s.s. G20, G7 og SP, til að stuðla að samstilltum aðgerðum og þessi tilskipun er hluti af átaki Sambandsins að því er þetta varðar. Til að árangur náist af þessu átaki er einnig mikilvægt að útflutningur á plastúrgangi frá Sambandinu leiði ekki til þess að rusl í sjó aukist annars staðar.
- 4) Í samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu Þjóðanna (UNCLOS) frá 10. desember 1982 ⁽⁵⁾, alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna frá 29. desember 1972 (Lundúnasamningurinn) og bókunina við hann frá 1996 (Lundúnabókunin), V. viðauka við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) frá 1973, eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978, og Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra frá 22. mars 1989 ⁽⁶⁾ og við löggjöf Sambandsins um úrgang, þ.e.a.s. tilskipun 2008/98/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ⁽⁷⁾, er gerð sú krafa að aðildarríkin tryggi umhverfissvæna úrgangsstjórnun til að koma í veg fyrir og draga úr rusli í sjó, bæði frá uppsprettum á sjó og á landi. Í samræmi við löggjöf Sambandsins um vatn, þ.e.a.s. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽⁸⁾ og 2008/56/EB ⁽⁹⁾, er einnig gerð sú krafa að aðildarríkin ráðist gegn rusli í sjó þegar það grefur undan því að þau nái góðri umhverfislegri stöðu hafsvæða sinna, þ.m.t. sem framlag til 14. heimsmarkmiðs SP um sjálfbæra þróun.
- 5) Á bilinu 80 til 85% af öllu rusli í sjó í Sambandinu, mælt með talningu á rusli á ströndum, er plast þar sem 50% af heildinni eru einnota plasthlutir og 27% eru hlutir tengdir fiskveiðum. Einnota plastvörur ná yfir fjölbreytt svið almennt notaðra, skammlífra neysluvara sem er fleygt eftir að hafa verið notaðar einu sinni í þeim tilgangi sem þeim var ætlaður, eru sjaldan endurunnar og eru gjarnar á að verða að rusli. Umtalsverðum hluta af þeim veiðarfærum sem eru sett á markað er ekki safnað saman til meðhöndlunar. Því eru einnota plastvörur og veiðarfæri sem innihalda plast sérstaklega alvarlegt vandamál í tengslum við rusl í sjó, skapa alvarlega hættu fyrir vistkerfi sjávar, líffræðilega fjölbreytni og heilbrigði manna og skaða starfsemi s.s. ferðaþjónustu, fiskveiðar og sjóflutninga.
- 6) Viðeigandi úrgangsstjórnun er áfram nauðsynleg til að koma í veg fyrir allt rusl, þ.m.t. rusl í sjó. Núgildandi löggjöf Sambandsins, þ.e.a.s. tilskipanir 2008/98/EB, 2000/59/EB, 2000/60/EB og 2008/56/EB og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 ⁽¹⁰⁾, og stjórnþæki gefa nokkur stjórnsýsluleg svör til að takast á við rusl í sjó. Einkum fellur plastúrgangur undir heildarráðstafanir og -markmið Sambandsins um úrgangsstjórnun, s.s. endurvinnslumarkmið fyrir plastumbúðaúrgang sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽¹¹⁾, og markmiðið í evrópsku stefnuáætluninni um plast til að tryggja að eigi síðar en 2030 verði allar plastumbúðir, sem settar eru á markað í Sambandinu, endurnotanlegar eða auðveldlega endurvinnanlegar. Þó eru áhrifin af þessum ráðstöfunum á rusl í sjó ekki fullnægjandi og það er mismunur á umfangi og metnaði landsráðstafana til að koma í veg fyrir og draga úr rusli í sjó. Að auki gætu sumar þessara ráðstafana, einkum markaðshindranir vegna einnota plastvara, skapað viðskiptahindranir og raskað samkeppni í Sambandinu.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 179, 23.6.1998, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 3.

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjútíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjútíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávar-umhverfismálum (haftilskipunin) (Stjútíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 frá 20. nóvember 2009 um að koma á fót eftirlitskerfi í Sambandinu til að tryggja að farið sé að reglum sameiginlegu sjávarútvegstefnunnar, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 847/96, (EB) nr. 2371/2002, (EB) nr. 811/2004, (EB) nr. 768/2005, (EB) nr. 2115/2005, (EB) nr. 2166/2005, (EB) nr. 388/2006, (EB) nr. 509/2007, (EB) nr. 676/2007, (EB) nr. 1098/2007, (EB) nr. 1300/2008, (EB) nr. 1342/2008 og um niðurfellingu á reglugerðum (EBE) nr. 2847/93, (EB) nr. 1627/94 og (EB) nr. 1966/2006 (Stjútíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjútíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

- 7) Til að beina áttakinu þangað sem þess er mest þörf ætti þessi tilskipun einungis að ná yfir þær einnota plastvörur sem mest finnast af á ströndum í Sambandinu sem og veiðarfæri sem innihalda plast og vörur úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun. Áætlað er að einnota plastvörur, sem ráðstafanir samkvæmt þessari tilskipun ná yfir, nemi u.þ.b. 86% af einnota plastvörum sem fundist hafa við talningar á ströndum í Sambandinu. Tilskipun þessi ætti ekki að ná yfir drykkjarílát úr gleri og málmum þar eð þau eru ekki á meðal þeirra einnota plastvara sem mest finnast af á ströndum í Sambandinu.
- 8) Örplast fellur ekki beint undir gildissvið þessarar tilskipunar en á þó sinn þátt í rusli í sjó og því ætti Sambandið að samþykka heildstæða nálgun að því vandamáli. Sambandið ætti að hvetja alla framleiðendur til að setja strangar takmarkanir varðandi örplast í samsetningum sínum.
- 9) Mengun lands og mengun jarðvegs frá stærri plasthlutum og brotum úr þeim eða örplasti getur verið umtalsverð og slíkt plast getur lekið út í sjávarumhverfið.
- 10) Þessi reglugerð er sérlög með tilliti til tilskipana 94/62/EB og 2008/98/EB. Ef þær tilskipanir og þessi tilskipun stangast á ætti þessi tilskipun að ganga frammar innan gildissviðs hennar. Þetta á við um takmarkanir á setningu á markað. Þessi tilskipun kemur til viðbótar við tilskipanir 94/62/EB og 2008/98/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB ⁽¹²⁾, einkum að því er varðar ráðstafanir til að minnka notkun, kröfur varðandi vörur, kröfur um merkingar og rýmkaða ábyrgð framleiðanda.
- 11) Einnota plastvörur geta verið framleiddar úr margs konar plasti. Plast er venjulega skilgreint sem fjölliðuefni sem íblöndunarefnum kann að hafa verið bætt við. Eigi að síður myndi sú skilgreining ná yfir tiltekna náttúrulegar fjölliður. Þar eð óbreyttar náttúrulegar fjölliður, í skilningi skilgreiningarinnar á „efni sem hefur ekki verið breytt með efnafraðilegum aðferðum“ í 40. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹³⁾, koma fyrir náttúrulega í umhverfinu ættu þær ekki að falla undir þessa tilskipun. Að því er varðar þessa tilskipun ætti því að aðlaga skilgreininguna á fjölliðu í 5. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og taka upp aðskilda skilgreiningu. Plast sem er framleitt úr breyttum náttúrulegum fjölliðum eða plast sem er framleitt úr lífgrunduðum grunnefnum, jarðefna-grunnefnum eða tilbúnum grunnefnum kemur ekki fyrir á náttúrulegan hátt og því ætti tilskipun þessi að ná yfir það. Aðlagða skilgreiningin á plasti ætti því að ná yfir gúmmíhluti, að stofni til úr fjölliðu, og lífgrundað og lífbrjótanlegt plast, óháð því hvort það er úr lífmassa eða er ætlað að lífníðurbrotna með tímanum. Ekki ætti að fjalla um málningu, blek og límefni í þessari tilskipun og því ætti skilgreiningin ekki að ná yfir þessi fjölliðuefni.
- 12) Skilgreina ætti hugtakið „einnota plastvara“ til að skilgreina gildissvið þessarar tilskipunar með skýrum hætti. Skilgreiningin ætti ekki að ná yfir plastvörur sem eru úthugaðar, hannaðar og settar á markað til að fara, á vistferli sínum, í gegnum margar ferðir eða hringrásir með enduráyllingu eða endurnotkun í sama tilgangi og þær voru úthugaðar til. Einnota plastvörur eru að jafnaði ætlaðar til að vera einungis notaðar einu sinni eða í skamman tíma áður en þeim er fargað. Blautþurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota ættu einnig að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar en hún ætti ekki að ná yfir blautþurrkur til notkunar í iðnaði. Til að skýra enn frekar hvort vara skuli teljast vera einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að þróa viðmiðunarreglur um einnota plastvörur. Í ljósi þeirra viðmiðana sem settar eru fram í þessari tilskipun ætti að líta á ílát fyrir skyndibita eða máltíð, öskjur fyrir samlokur, vefjur og salöt með köldum eða heitum matvælum eða matarílát fyrir fersk eða unnin matvæli sem þarfnast ekki frekari tilreiðslu, s.s. ávexti, grænmeti eða eftirrétti, sem dæmi um matarílát sem telja skal til einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun. Dæmi um matarílát, sem ekki skal líta á sem einnota plastvörur að því er varðar þessa tilskipun, eru matarílát með þurrkuðum matvælum eða matvælum sem eru seld köld og þarfnast frekari tilreiðslu, ílát sem innihalda meira en einn neysluskammt matvæla eða matarílát með stökum neysluskömmtum þar sem fleiri einingar eru seldar saman.

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellinguna á tilskipun 2001/37/EB (Stjtfð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellinguna á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtfð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

Dæmi um drykkjarflát, sem skal líta á sem einnota plastvörur, eru flöskur fyrir drykkjarvörur eða samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, sem eru notaðar undir bjór, vín, vatn, fljóttandi hressingu, safa og nektar, skyndidrykki eða mjólk, en ekki bollar fyrir drykkjarvörur, þar eð þeir eru aðskilinn flokkur einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun. Drykkjarflát úr gleri og málmni ættu ekki að falla undir þessa tilskipun þar eð þau eru ekki á meðal þeirra einnota plastvara sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Í tengslum við endurskoðun á þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin þó m.a. að leggja mat á tappa og lok úr plasti sem eru notuð á drykkjarflát úr gleri og málmni.

- 13) Einnota plastvörur, sem falla undir þessa tilskipun, ættu að vera viðfangsefnið í einni eða fleiri ráðstöfunum með hliðsjón af ýmsum þáttum, s.s. tiltækileika hentugra og sjálfbærari staðgöngukosta, hagkvæmni þess að breyta neyslumynstrum og að hvaða marki þær falla nú þegar undir gildandi löggjöf Sambandsins.
- 14) Að því er varðar tilteknar einnota plastvörur eru hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir enn sem komið er ekki auðveldlega aðgengilegir og búist er við að notkun á flestum slíkum einnota plastvörum muni aukast. Til að snúa þeirri þróun við og stuðla að viðleitni í áttina að sjálfbærari lausnum ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir, t.d. með því að setja markmið um að minnka landsbundna notkun, til að ná fram metnaðarfullri og varanlegri minnkun á notkun þessara vara án þess að stofna í hættu hollustuháttum á sviði matvæla, matvælaöryggi, góðum hollustustarfsvenjum, góðum framleiðsluháttum, upplýsingum til neytenda eða kröfum um rekjanleika í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽¹⁴⁾, (EB) nr. 852/2004 ⁽¹⁵⁾ og (EB) nr. 1935/2004 ⁽¹⁶⁾ og í annarri viðeigandi löggjöf sem tengist matvælaöryggi, hollustuháttum og merkingum. Aðildarríkin ættu að sýna eins mikinn metnað og mögulegt er varðandi þessar ráðstafanir sem ættu að framkalla umtalsverðan viðsnúning á vaxandi neysluþróun og leiða til mælanlegrar magnbundinnar minnkunar. Í þessum ráðstöfunum ætti að taka tillit til áhrifa frá vörum á öllum vistferli þeirra, þ.m.t. þegar þær finnast í sjávarumhverfinu, og virða úrgangsmetakerfið.

Ef aðildarríki ákveða að koma þessari skuldbindingu í framkvæmd með markaðshindrunum ættu þau að tryggja að slíkar hindranir séu hóflegar og án mismununar. Aðildarríki ættu að hvetja til notkunar á vörum sem henta til margnotkunar og sem hentar að undirbúa til endurnotkunar og endurvinnslu eftir að þær eru orðnar að úrgangi.

- 15) Að því er varðar aðrar einnota plastvörur eru hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir, sem eru einnig á viðráðanlegu verði, auðveldlega aðgengilegir. Til að takmarka neikvæð áhrif á umhverfið af slíkum einnota plastvörum ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin banni setningu þeirra á markað. Með því yrði stuðlað að notkun á þessum auðveldlega aðgengilegu og sjálfbærari staðgöngukostum sem og á nýsköpunarlausnum í áttina að sjálfbærari viðskiptalíkönum, endurnotanlegum staðgöngukostum og útskiptingu efniviða. Takmarkanir á setningu á markað, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, ættu einnig að ná yfir vörur úr plasti sem er niðurbrotanlegt með oxun þar eð sú gerð plasts lífniðurbrotar ekki almennilega og stuðlar þannig að örplasmengun í umhverfinu, er ekki myltanleg, hefur neikvæð áhrif á endurvinnslu á venjulegu plasti og skilar ekki sannanlegum umhverfislegum ávinningi. Í ljósi þess hversu algengt þanið pólýstýrenusl er í sjávarumhverfinu og tiltækileika staðgöngukosta ætti einnig að takmarka notkun á einnota matar- og drykkjarflátum og bollum fyrir drykkjarvörur úr þöndu pólýstýreni.
- 16) Tóbaksvörusúr sem innihalda plast eru þeir einnota plasthlutir sem næstalgengast er að finna á ströndum í Sambandinu. Draga þarf úr þeim gríðarmiklu umhverfisáhrifum sem stafa af úrgangi eftir neyslu á tóbaksvörum með síum, sem innihalda plast, sem er fleygt beint út í umhverfið. Búist er við að nýsköpun og vöruþróun muni skapa raunhæfa staðgöngukosti fyrir síur sem innihalda plast og þar þarf að auka hraðann. Kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda fyrir tóbaksvörur með síum sem innihalda plast ættu einnig að hvetja til nýsköpunar sem leiðir til þróunar á sjálfbærum staðgöngukostum fyrir tóbaksvörusúr sem innihalda plast. Aðildarríki ættu að stuðla að margs konar ráðstöfunum til að draga úr rusli eftir neyslu á tóbaksvörum með síum sem innihalda plast.

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stj.íð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stj.íð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stj.íð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

- 17) Tappar og lok úr plasti, sem eru notuð á drykkjarflát, eru á meðal þeirra einnota plasthluta sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Því ætti einungis að leyfa að drykkjarflát, sem eru einnota plastvörur, séu sett á markað ef þau uppfylla sérstakar kröfur um vöruhönnun sem draga umtalsvert úr dreifingu tappa og loka úr plasti af drykkjarflátum út í umhverfið. Að því er varðar drykkjarflát sem eru bæði einnota plastvörur og umbúðir kemur sú krafa til viðbótar við grunnkröfurnar um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra, þ.m.t. endurvinnsla, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 94/62/EB.

Til að greiða fyrir samræmi við kröfuna um vöruhönnun og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins er nauðsynlegt að þróa samhæfðan staðal, sem er samþykktur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012⁽¹⁷⁾, og fylgni við þennan staðal ætti að leiða til fyrirframætlaðs samræmis við þessar kröfur. Af þeim sökum er tímanleg þróun á samhæfðum staðli í algerum forgangi til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar tilskipunar. Gera ætti ráð fyrir nægum tíma til að þróa samhæfðan staðal og til að gera framleiðendum kleift að aðlaga framleiðsluferli sín í tengslum við framkvæmd kröfu um vöruhönnun. Til að tryggja hringrásarnotkun á plasti þarf að stuðla að útbreiðslu endurunninna efniviða á markaði. Því er viðeigandi að innleiða kröfur um skyldubundið lágmarksinnihald endurunnins plasts í flöskum fyrir drykkjarvörur.

- 18) Við framleiðslu á plastvörum ætti að taka tillit til alls vistferils þeirra. Við hönnun á plastvörum ætti alltaf að taka tillit til framleiðslu- og notkunaráfangans og endurnotanleika og endurvinnanleika vörunnar. Í tengslum við endurskoðunina, sem á að framkvæma skv 5. mgr. 9. gr. tilskipunar 94/62/EB, ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til hlutfallslegra eiginleika mismunandi umbúðaefna, þ.m.t. samsett efni, á grundvelli vistferilsgreininga með sérstaka áherslu á forvarnir gegn myndun úrgangs og hönnun með tilliti til hringrásarinnar.
- 19) Í þágu heilbrigðis kvenna ætti að forðast að dömubindi, tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir innihaldi hættuleg íðefni. Rétt þykir að framkvæmdastjórnin meti frekari takmarkanir á slík efni innan ramma takmörkunarferlis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- 20) Tiltekna einnota plastvörur hafna í umhverfinu vegna þess að þeim er fargað á óviðeigandi hátt gegnum fráveitukerfið eða eru losaðar á annan óviðeigandi hátt út í umhverfið. Förgun í gegnum fráveitukerfi getur að auki valdið umtalsverðum efnahagslegum skaða á fráveitukerfinu með því að stífla dælur og rör. Að því er þessar vörur varðar er oft um að ræða umtalsverðan skort á upplýsingum um efniseiginleika vörunnar eða á viðeigandi aðferðum við förgun úrgangs. Því ætti að setja kröfur um merkingar á einnota plastvörur sem oft er fargað í gegnum fráveitukerfið eða fargað á annan óviðeigandi hátt. Merkingin ætti að upplýsa neytendur um viðeigandi valkosti við meðhöndlun vörunnar sem úrgangs eða um það hvaða úrgangsförgunaraðferðir á að forðast fyrir vöruna í samræmi við úrgangsmetakerfið og um að varan innihaldi plast sem og um þau neikvæðu umhverfisáhrif sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar. Merkingin ætti, eins og við á, annaðhvort að vera á umbúðum vörunnar eða beint á vörunni sjálfri. Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að fastsetja samræmdar, nákvæmar skilgreiningar um merkingarnar og samtímis ætti að prófa, eftir því sem við á, hvernig dæmigerðir hópar neytenda skynja tillagðar merkingar til að tryggja að þær séu gagnlegar og auðskiljanlegar. Nú þegar eru gerðar kröfur um merkingar á veiðarfærum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1224/2009.
- 21) Að því er varðar einnota plastvörur, sem engir hentugir og sjálfbærari staðgöngukostir eru auðveldlega aðgengilegir fyrir, ættu aðildarríkin, í samræmi við mengunarbótaregluna, einnig að innleiða kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda til að standa straum af nauðsynlegum kostnaði við úrgangsstjórnun og að hreinsa upp rusl sem og kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar til að koma í veg fyrir og draga úr slíku rusli. Þessi kostnaður ætti ekki að vera hærri en sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að veita þessa þjónustu á kostnaðarhagkvæman hátt og þeir aðilar, sem málið varðar, ættu að fastsetja hann sín á milli á gagnsæjan hátt.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stj.útd. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

- 22) Í tilskipun 2008/98/EB er mælt fyrir um almennar lágmarkskröfur varðandi kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda. Þessar kröfur ættu að gilda um þau kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda sem komið er á með þessari tilskipun, án tillits til þess hvort þeim er komið í framkvæmd með lagagerð eða með samningum samkvæmt þessari tilskipun. Gildi sumra krafanna veltur á eiginleikum vörunnar. Ekki er þörf á sérstakri söfnun á tóbaksvörum með sífum sem innihalda plast, blautþurrkum og blöðrum til að tryggja rétta meðhöndlun í samræmi við úrgangsmetakerfið. Því ætti ekki að vera skylda að koma á fót sérstakri söfnun á þessum vörum. Í þessari tilskipun ætti að fastsetja kröfur um rýmkaða ábyrgð framleiðanda til viðbótar við þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB, t.d. kröfu um að framleiðendur tiltekinna, einnota plastvara standi straum af kostnaði við að hreinsa upp rusl. Einnig ætti að vera mögulegt að standa straum af kostnaði við að setja upp tiltekin grunnvirki til söfnunar á úrgangi eftir neyslu á tóbaksvörum, s.s. viðeigandi sorplát á stöðum þar sem algengt er að rusl safnist upp. Taka ætti tillit til meðalhófssjónarmiða í aðferðafræðinni við að reikna út kostnaðinn við að hreinsa upp rusl. Til að lágmarka umsýslukostnað ættu aðildarríki að geta ákveðið fjárframlög til að greiða hluta kostnaðar við að hreinsa upp rusl með því að fastsetja viðeigandi fastar fjárhæðir til margra ára.
- 23) Hátt hlutfall af plasti í rusli í sjó sem stafar af veiðarfærum sem hefur verið fleygt, þ.m.t. sem hafa verið skilin eftir og týnd veiðarfæri, bendir til þess að núgildandi lagakröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1224/2009, tilskipun 2000/59/EB og tilskipun 2008/98/EB, veiti ekki nægilega hvatningu til þess að komið sé með slík veiðarfæri í land til söfnunar og meðhöndlunar. Óbeina gjaldakerfið, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 ⁽¹⁸⁾, er með kerfi til að fjarlægja hvata fyrir skip til að farga úrgangi sínum í hafi og tryggja rétt til afhendingar. Eigi að síður ætti að bæta við það kerfi með frekari fjárhagslegum hvötum til fiskimanna um að koma með veiðarfæraúrgang sinn í land til að komast hjá hugsanlegri hækkun á óbeina úrgangsgjaldinu sem ber að greiða. Þar eð möguleikinn á að endurvinna plasthluti veiðarfæra er mikill ættu aðildarríkin, í samræmi við mengunarbótaregluna, að innleiða rýmkaða ábyrgð framleiðanda fyrir veiðarfæri og veiðarfærahluti sem innihalda plast til að tryggja sérstaka söfnun á veiðarfæraúrgangi og til að fjármagna umhverfisvæna úrgangsstjórnun veiðarfæraúrgangs, einkum endurvinnslu.
- 24) Innan ramma rýmkaðrar ábyrgðar framleiðanda fyrir veiðarfæri sem innihalda plast ættu aðildarríkin að vakta og meta veiðarfæri sem innihalda plast í samræmi við kvaðirnar um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 25) Þó að allt rusl í sjó, sem inniheldur plast, skapi hættu fyrir umhverfið og fyrir heilbrigði manna og ráðast ætti gegn því ætti einnig að taka tillit til meðalhófssjónarmiða. Því ætti ekki að líta svo á að fiskimennirnir sjálfir og handverksmenn sem búa til veiðarfæri sem innihalda plast séu framleiðendur og ekki ætti að láta þá axla ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar framleiðanda í tengslum við rýmkaða ábyrgð framleiðanda.
- 26) Efnahagshvatar og aðrir hvatar til að styðja við sjálfbært val neytenda og ýta undir ábyrga hegðun þeirra geta verið árangursrík verkfæri til að ná fram markmiðum þessarar tilskipunar.
- 27) Flöskur undan drykkjarvörum, sem eru einnota plastvörur, eru á meðal þeirra hluta í rusli í sjó sem mest finnst af á ströndum í Sambandinu. Þetta stafar af óskilvirkum, sérstökum söfnunarkerfum og lítilli þátttöku neytenda í þessum kerfum. Nauðsynlegt er að stuðla að notkun á skilvirkari, sérstökum söfnunarkerfum. Því ætti að setja lágmarksmarkmið fyrir sérstaka söfnun á flöskum undan drykkjarvörum sem eru einnota plastvörur. Þó að sú skylda að safna úrgangi sérstaklega útheimti að sá úrgangur sé geymdur aðskilinn eftir tegund hans og eðli ætti að vera mögulegt að safna tilteknum tegundum úrgangs saman, að því tilskildu að þetta hamli ekki endurvinnslu í háum gæðaflokki samkvæmt úrgangsmetakerfinu í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Setning markmiða fyrir sérstaka söfnun ætti að byggjast á því magni einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem sett er á markað í aðildarríki eða, að öðrum kosti, á magni einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem verður að úrgangi í aðildarríki. Við útreikning á magni úrgangs sem verður til í aðildarríki ætti að taka tilhlýðilegt tillit til allra einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur sem verða að úrgangi, þ.m.t. þær sem verða að rusli í stað þess að þeim sé fargað í gegnum úrgangssöfnunarkerfi. Aðildarríki ættu að geta náð því lágmarksmarkmiði með því að setja aðskilin markmið fyrir sérstaka söfnun á flöskum undan drykkjarvörum, sem eru einnota plastvörur, innan ramma kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda með því að koma á fót skilgjaldskerfum eða með öðrum ráðstöfunum sem þeim þykja viðeigandi. Það

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuáðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB (Stjútíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116).

mun hafa bein, jákvæð áhrif á söfnunarhlutfallið, gæði efniviðarins sem er safnað og gæði endurvinnanlegu efnanna og bjóða upp á möguleika fyrir endurvinnsluþnaðinn og markaðinn fyrir endurvinnanlegu efnin. Þetta mun styðja við það að ná endurvinnslutakmörkunum fyrir umbúðaúrgang sem sett voru með tilskipun 94/62/EB.

- 28) Til að koma í veg fyrir dreifingu á rusli og aðra óviðeigandi förgun úrgangs, sem leiðir af sér rusl í sjó sem inniheldur plast, er nauðsynlegt að neytendur sem nota einnota plastvörur og fiskimenn sem nota veiðarfæri, sem innihalda plast, séu nægilega vel upplýstir um tiltækileika endurnotanlegra staðgöngukosta og endurnotkunarkerfa, hvaða valkostir fyrir úrgangsstjórnun sem eru í boði eiga best við og/eða hvaða valkosti fyrir úrgangsstjórnun á að forðast, um bestu starfsvenjur í tengslum við trausta úrgangsstjórnun og um umhverfisáhrif af slæmum förgunarvenjum sem og um plastinnihald í tilteknum einnota plastvörum og veiðarfærum og áhrifin af óviðeigandi förgun úrgangs á fráveitukerfið. Því ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin geri ráðstafanir til vitundarvakningar sem tryggja að slíkum upplýsingum sé miðlað til þessara neytenda og notenda. Upplýsingarnar ættu ekki að innihalda neitt auglýsingaefni sem hvetur til notkunar á einnota plastvörum. Aðildarríkin ættu að geta valið þær ráðstafanir sem henta best á grundvelli eðlis vörunnar eða notkunar hennar. Framleiðendur einnota plastvara og veiðarfæra sem innihalda plast ættu að standa straum af kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar sem hluta af skyldum sínum samkvæmt rýmkaðri ábyrgð framleiðanda.
- 29) Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda umhverfið og heilbrigði manna. Eins og Evrópudómstóllinn hefur margsinis bent á þá myndi það ekki samrýmast þeim bindandi áhrifum sem tilskipun hefur, samkvæmt þriðju málsgrein 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að undanskilja í grundvallaratriðum þann möguleika að aðilar sem málið varðar geti stuðst við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun. Þetta atriði á einkum við að því er varðar tilskipun sem hefur það markmið að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum tiltekinnna plastvara á vatnsumhverfið.
- 30) Mikilvægt er að vakta magn rusls í sjó í Sambandinu til að meta framkvæmd þessarar tilskipunar. Í samræmi við tilskipun 2008/56/EB er gerð sú krafa að aðildarríki vakti eiginleika og magn rusls í sjó með reglubundnum hætti, þ.m.t. plastrusl í sjó. Þau vöktunargögn skulu einnig tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.
- 31) Aðildarríkin ættu að setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 32) Samkvæmt 22. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁹⁾ ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi mat á þessari tilskipun Það mat ætti að byggjast á reynslu sem er aflað og gögnum sem er safnað við framkvæmd þessarar tilskipunar og gögnum sem er safnað samkvæmt tilskipunum 2008/56/EB og 2008/98/EB. Matið ætti að skapa grundvöll fyrir mat á hugsanlegum frekari ráðstöfunum, þ.m.t. að setja markmið um minnkun á vettvangi Sambandsins fram til ársins 2030 og eftir það, og mat á því, með hliðsjón af vöktun á rusli í sjó í Sambandinu, hvort endurskoða þurfi viðaukann þar sem einnota plastvörur eru taldar upp og hvort unnt sé að rýmka gildissvið þessarar tilskipunar til að hún nái yfir aðrar einnota vörur.
- 33) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar aðferðafræði við útreikning og sannpröfun á árlegri notkun á einnota plastvörum, sem markmið um að minnka notkun á hafa verið fastsett fyrir, reglur um útreikning og sannpröfun á því að markmiðin um lágmarksinnihald endurunnsinna plasts í einnota flöskum fyrir drykkjarvörur hafi náðst, nákvæmar skilgreiningar um merkingu sem skal festa á tiltekna einnota plastvörur, aðferðafræði við útreikning og sannpröfun á söfnunarmarkmiðum fyrir einnota plastvörur, sem markmið um sérstaka söfnun hafa verið fastsett fyrir, og snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁰⁾.
- 34) Rétt þykir að aðildarríkin geti kosið að láta tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
- 35) Baráttan gegn rusli er sameiginleg viðleitni lögbærra yfirvalda, framleiðenda og neytenda. Opinber yfirvöld, þ.m.t. stofnanir Sambandsins, ættu að ganga á undan með góðu fordæmi.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum af tilteknum einnota plastvörum, vörum úr plasti sem er niðurbriótanlegt með oxun og veiðarfærum sem innihalda plast á umhverfið og á heilbrigði manna og til að stuðla að umskiptum yfir í hringrásarhagkerfi, þ.m.t. að hlúa að nýskapandi og sjálfbærum viðskiptalíkönum, vörum og efniviðum og leggja þar með einnig af mörkum til skilvirkrar starfsemi innri markaðarins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðin með þessari tilskipun eru að koma í veg fyrir og draga úr áhrifum af tilteknum plastvörum á umhverfið, einkum vatnsumhverfið, og á heilbrigði manna sem og að stuðla að umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi með nýskapandi og sjálfbærum viðskiptalíkönum, vörum og efniviðum og leggja þar með einnig af mörkum til skilvirkrar starfsemi innri markaðarins.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um þær einnota plastvörur sem taldar eru upp í viðaukanum, um vörur sem eru framleiddar úr plasti sem er niðurbriótanlegt með oxun og um veiðarfæri sem innihalda plast.
2. Ef þessi tilskipun stangast á við tilskipun 94/62/EB eða 2008/98/EB skal þessi tilskipun gilda.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „plast“: efniviður sem samanstendur af fjölliðu, eins og skilgreint er í 5. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur nýst sem aðaluppbyggingarefni fullunninna vara, að undanskildum náttúrulegum fjölliðum sem hefur ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum,
- 2) „einnota plastvara“: vara sem er gerð úr plasti að öllu leyti eða að hluta til og sem er ekki úthugsuð, hönnuð og sett á markað til að fara, á vistferli sínum, í gegnum margar ferðir eða hringrásir þar sem henni er skilað aftur til framleiðanda til enduráfyllingar eða endurnotkunar í sama tilgangi og hún var úthugsuð til,
- 3) „plast sem er niðurbriótanlegt með oxun“: efniviðir úr plasti sem innihalda íblöndunarefni sem leiða til þess, með oxun, að plastefnið sundrast í örnir eða til efnafræðilegs niðurbrots,
- 4) „veiðarfæri“: hver sá hlutur eða hluti af búnaði sem er notaður við fiskveiðar eða í lagareldi til að einangra, fanga eða ala líffræðilegar auðlindir hafsins eða sem flýtur á yfirborði hafsins og er notað með það fyrir augum að laða að og fanga eða ala slíkar líffræðilegar auðlindir hafsins,
- 5) „veiðarfæraúrgangur“: öll veiðarfæri sem falla undir skilgreininguna á úrgangi í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. allir aðskildir íhlutir, efni eða efniviðir sem voru hluti af eða festir við slík veiðarfæri þegar þeim var fleygt, þ.m.t. þegar þau voru skilin eftir eða týndust,
- 6) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði aðildarríkis,

- 7) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði aðildarríkis meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
- 8) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,
- 9) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 10) „kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda“: kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda eins og það er skilgreint í 21. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 11) „framleiðandi“:
 - a) sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í aðildarríki sem framleiðir í atvinnuskyni, fyllir á, selur eða flytur inn, án tillits til þess hvaða söluaðferð er notuð, þ.m.t. með fjarsölusamningum eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ⁽²¹⁾, og setur á markað í því aðildarríki einnota plastvörur, áfylltar einnota plastvörur eða veiðarfæri sem innihalda plast, þó ekki einstaklingar sem stunda fiskveiðar eins og skilgreint er í 28. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 ⁽²²⁾ eða
 - b) sérhver einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í einu aðildarríki eða í þriðja landi sem selur í atvinnuskyni beint til einkaheimila, eða til annarra notenda en einkaheimila, í öðru aðildarríki með fjarsölusamningum, eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB, einnota plastvörur, áfylltar einnota plastvörur eða veiðarfæri sem innihalda plast, þó ekki einstaklingar sem stunda fiskveiðar eins og skilgreint er í 28. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1380/2013,
- 12) „söfnun“: söfnun eins og hún er skilgreind í 10. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 13) „sérstök söfnun“: sérstök söfnun eins og hún er skilgreind í 11. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 14) „meðhöndlun“: meðhöndlun eins og hún er skilgreind í 14. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 15) „umbúðir“: umbúðir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 3. gr. tilskipunar 94/62/EB,
- 16) „lífbrjótanlegt plast“: plast sem getur brotnað niður með eðlisfræðilegu, lífrænu niðurbroti þannig að það brotnar að lokum niður í koltvísýring (CO₂), lífmassa og vatn og er, í samræmi við evrópska staðla um umbúðir, endurheimtanlegt með myltingu og loftfirrðri meltun,
- 17) „móttökuaðstaða í höfnum“: móttökuaðstaða í höfnum eins og hún er skilgreind í e-lið 2. gr. tilskipunar 2000/59/EB,
- 18) „tóbaksvara“: tóbaksvara eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

4. gr.

Minnkun á notkun

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná því að minnka notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, á metnaðarfullan og varanlegan hátt í samræmi við heildarmarkmiðin í stefnu Sambandsins í úrgangsmálum, einkum forvarnir gegn myndun úrgangs, sem leiðir af sér umtalsverðan viðsnúning á vaxandi neyslupróun. Með þessum ráðstöfunum skal ná fram mælanlegri magnbundinni minnkun á notkun einnota plastvara, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eigi síðar en á árinu 2026, samanborið við árið 2022.

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

Eigi síðar en 3. júlí 2021 skulu aðildarríki útbúa lýsingu á þeim ráðstöfunum sem þau hafa samþykkt samkvæmt fyrstu undirgrein, tilkynna framkvæmdastjórninni um lýsinguna og birta hana opinberlega. Aðildarríki skulu fella ráðstafanirnar sem settar eru fram í lýsingunni inn í áætlanirnar eða verkefni, sem um getur í 11. gr., við fyrstu uppfærslu á þessum áætlunum eða verkefnum þar á eftir í samræmi við viðeigandi lagagerðir Sambandsins, sem gilda um þessar áætlanir eða verkefni, eða inn í aðrar áætlanir sem eru teknar saman sérstaklega í þeim tilgangi.

Ráðstafanirnar geta m.a. innihaldið landsbundin markmið um að minnka notkun, ráðstafanir til að tryggja að endurnotanlegir staðgöngukostir fyrir einnota plastvörurnar, sem taldar eru upp í A-hluta viðaukans, séu boðnir fram á sölustað til lokaneytenda, efnahagsleg stjórnþæki, s.s. stjórnþæki sem tryggja að þessar einnota plastvörur séu ekki boðnar fram án endurgjalds á sölustað til lokaneytenda, og samninga eins og um getur í 3. mgr. 17. gr. Aðildarríkin geta lagt á markaðshindranir, með undanþágu frá 18. gr. tilskipunar 94/62/EB, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að slíkar vörur verði að rusli til þess að tryggja þeim sé skipt út fyrir staðgöngukosti sem eru endurnotanlegir eða sem innihalda ekki plast. Ráðstafanirnar geta verið breytilegar með hliðsjón af umhverfisáhrifum þessara einnota plastvara á öllum vistferli þeirra, þ.m.t. þegar þær verða að rusli.

Ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt þessari málsgrein skulu vera hóflegar og án mismununar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ⁽²³⁾ þegar krafa er gerð um slíkt samkvæmt þeirri tilskipun.

Til að uppfylla ákvæði fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal hvert aðildarríki vakta einnota plastvörur, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, sem eru settar á markað og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að minnka notkun og skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þá framvindu sem náðst hefur, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 13. gr., með það fyrir augum að koma á bindandi magnbundnum markmiðum Sambandsins um að minnka notkun.

2. Eigi síðar en 3. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem mælt er fyrir um aðferðafræði við útreikning og sannprófun á metnaðarfullri og varanlegri minnkun á notkun þeirra einnota plastvara sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

5. gr.

Takmarkanir á setningu á markað

Aðildarríkin skulu banna að einnota plastvörur, sem taldar eru upp í B-hluta viðaukans, og vörur úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun séu settar á markað.

6. gr.

Kröfur varðandi vörur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis megi setja einnota plastvörur, sem eru taldar upp í C-hluta viðaukans, sem eru með tappa og lok úr plasti á markað ef tapparnir og lokin eru áfram föst við ílátin meðan fyrirhuguð notkun á vörunum stendur yfir.

2. Að því er varðar þessa grein skal ekki líta svo á að tappar eða lok úr málmi með plastinnsiglium séu úr plasti.

3. Eigi síðar en 3. október 2019 skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit að evrópskar staðlastofnanir þróa samhæfða staðla í tengslum við kröfuna sem um getur í 1. mgr. Þessir staðlar skulu einkum mæta þeirri þörf að tryggja nauðsynlegan styrkleika, áreiðanleika og öryggi lokunarbúnaðar fyrir drykkjarflát, þ.m.t. fyrir kolsýrða drykki.

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjút. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

4. Frá og með birtingardegi tilvísana í samhæfðu staðlana, sem um getur í 3. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skulu einnota plastvörur, sem um getur í 1. mgr., sem eru í samræmi við þessa staðla eða hluta þeirra teljast vera í samræmi við kröfuna sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

5. Að því er varðar flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans skal hvert aðildarríki fyrir sig tryggja að:

- a) frá árinu 2025 innihaldi flöskur fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem eru framleiddar úr pólýetýlenterepalati sem helsta efnisþættinum (PET-flöskur), a.m.k. 25% af endurunnu plasti, reiknað sem meðaltal fyrir allar PET-flöskur sem eru settar á markað á yfirráðasvæði þess aðildarríkis og
- b) frá árinu 2030 innihaldi flöskur fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, a.m.k. 30% af endurunnu plasti, reiknað sem meðaltal fyrir allar slíkar flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru settar á markað á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

Eigi síðar en 1. janúar 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykka framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um reglur um útreikning og sannpröfun á markmiðunum sem eru fastsett í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

7. gr.

Kröfur um merkingar

1. Aðildarríki skulu tryggja að á sérhverri einnota plastvöru, sem er talin upp í D-hluta viðaukans, sem er sett á markað sé áberandi, auðlæsileg og óafmáanleg merking á umbúðunum eða á vörunni sjálfri til að upplýsa neytendur um eftirfarandi:

- a) viðeigandi valkosti fyrir úrgangsstjórnun varðandi vöruna eða úrgangsförgunaraðferðir sem á að forðast fyrir þá vöru í samræmi við úrgangsmetakerfið og
- b) að varan innihaldi plast og um þau neikvæðu áhrif á umhverfið sem fylgja því að dreifa rusli eða öðrum óviðeigandi aðferðum við förgun vörunnar sem úrgangs.

Framkvæmdastjórnin skal koma á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar í samræmi við 2. mgr.

2. Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykka framkvæmdargerð til að koma á samræmdum nákvæmum skilgreiningum um merkingar, sem um getur í 1. mgr., þar sem:

- a) kveðið er á um að merkingar á einnota plastvörur, sem eru taldar upp í 1., 2. og 3. lið D-hluta viðaukans, skuli settar á söluumbúðir og safnumbúðir þessara vara. Þegar mörgum sölueningum er stillt upp saman á sölustað skal vera merking á umbúðum hverrar sölueningar. Ekki skal krafist merkingar á umbúðum með minni yfirborðsflöt en 10 cm²,
- b) kveðið er á um að merkingar á einnota plastvörur, sem eru taldar upp í 4. lið D-hluta viðaukans, skuli settar á vöruna sjálfa og
- c) tekið er tillit til sjálfstæðrar nálgunar sem fyrir er innan geirans og gefinn sérstakur gaumur að því að nauðsynlegt er að forðast upplýsingar sem villa um fyrir neytendum.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

3. Ákvæðin í þessari grein sem varða tóbaksvörur eru til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/40/ESB.

8. gr.

Rýmkuð ábyrgð framleiðanda

1. Aðildarríki skulu tryggja að kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda verði komið á fót fyrir allar einnota plastvörur sem eru taldar upp í E-hluta viðaukans, sem eru settar á markað í aðildarríkinu, í samræmi við 8. gr. og 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að framleiðendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í I. lið E-hluta viðaukans við þessa tilskipun, standi straum af kostnaði samkvæmt ákvæðum um rýmkaða ábyrgð framleiðanda í tilskipunum 2008/98/EB og 94/62/EB og, að því marki sem hann er ekki þegar innifalinn, standi straum af eftirfarandi kostnaði:

- a) kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar, sem varða þessar vörur,
- b) kostnaði við sorphirðu vegna þeirra vara sem er fleygt í almenn söfnunarkerfi, þ.m.t. innviðir og rekstur þeirra, og við flutning og meðhöndlun úrgangsins í kjölfarið og
- c) kostnaði við að hreinsa upp rusl, sem leiðir af þessum vörum, og við flutning og meðhöndlun ruslsins í kjölfarið.

3. Aðildarríki skulu tryggja að framleiðendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í II. og III. lið E-hluta viðaukans, standi a.m.k. straum af eftirfarandi kostnaði:

- a) kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr., sem varða þessar vörur,
- b) kostnaði við að hreinsa upp rusl, sem leiðir af þessum vörum, og við flutning og meðhöndlun ruslsins í kjölfarið og
- c) kostnaði við gagnasöfnun og skýrslugjöf í samræmi við c-lið 1. mgr. 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

Að því er varðar einnota plastvörur, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans við þessa tilskipun, skulu aðildarríki tryggja að framleiðendur standi þar að auki straum af kostnaði við sorphirðu vegna þeirra vara sem er fleygt í almenn söfnunarkerfi, þ.m.t. innviðir og rekstur þeirra, og við flutning og meðhöndlun úrgangsins í kjölfarið. Kostnaðurinn getur tekið til uppsetningar á sérstökum innviðum til sorphirðu vegna þessara vara, s.s. viðeigandi sorplát á stöðum þar sem algengt er að rusl safnist upp.

4. Kostnaður sem standa skal straum af, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal ekki vera hærri en sá kostnaður sem er nauðsynlegur til að veita þá þjónustu sem þar er getið um á kostnaðarhagkvæman hátt og þeir aðilar, sem málið varðar, ættu að fastsetja hann sín á milli á gagnsæjan hátt. Kostnaður við að hreinsa upp rusl skal takmarkast við starfsemi af hálfu opinberra yfirvalda eða fyrir þeirra hönd. Aðferðin við útreikninginn skal þróuð þannig að gert sé ráð fyrir að kostnaður við að hreinsa upp rusl sé fastsettur á hlutfallslegan hátt. Til að lágmarka umsýslukostnað er aðildarríkjum heimilt að ákveða fjárframlög til að greiða hluta kostnaðar við að hreinsa upp rusl með því að fastsetja fastar fjárhæðir til margra ára.

Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, gefa út leiðbeiningar um viðmiðanir varðandi kostnað við að hreinsa upp rusl sem um getur í 2. og 3. mgr.

5. Aðildarríki skulu skilgreina hlutverk og ábyrgð allra aðila, sem málið varðar, með skýrum hætti.

Að því er varðar umbúðir skal skilgreina þessi hlutverk og ábyrgðir í samræmi við tilskipun 94/62/EB.

6. Hvert aðildarríki skal heimila framleiðendum, sem eru með staðfestu í öðru aðildarríki og setja vörur á markað þess fyrnefnda, að útnefna einstakling eða lögaðila með staðfestu á yfirráðasvæði þess sem viðurkenndan fulltrúa í þeim tilgangi að uppfylla skyldur framleiðanda sem tengjast kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda á yfirráðasvæði þess.

7. Hvert aðildarríki skal tryggja að framleiðandi með staðfestu á yfirráðasvæði þess, sem selur einnota plastvörur sem eru taldar upp í E-hluta viðaukans og veiðarfæri, sem innihalda plast, í öðru aðildarríki þar sem hann hefur ekki staðfestu, útnefni viðurkenndan fulltrúa í því aðildarríki. Viðurkenndi fulltrúinn skal vera sá einstaklingur sem ber ábyrgð á því að uppfylla skuldbindingar þess framleiðanda samkvæmt þessari tilskipun á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

8. Aðildarríki skulu tryggja að kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda verði komið á fót fyrir veiðarfæri sem innihalda plast, sem eru sett á markað í aðildarríkinu, í samræmi við 8. gr. og 8. gr. a í tilskipun 2008/98/EB.

Aðildarríki, sem eru með hafsvæði eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/56/EB, skulu fastsetja árlegt, landsbundið lágmarkssöfnunarhlutfall vegna endurvinnslu á veiðarfæraúrgangi sem inniheldur plast.

Aðildarríki skulu vakta veiðarfæri, sem innihalda plast, sem sett eru á markað í aðildarríkinu sem og veiðarfæraúrgang, sem inniheldur plast, sem er safnað og þau skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar, með það fyrir augum að koma á bindandi magnbundnum söfnunarmarkmiðum Sambandsins.

9. Að því er varðar kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem komið er á fót skv. 8. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríki tryggja að framleiðendur veiðarfæra, sem innihalda plast, standi straum af kostnaði við sérstaka söfnun á veiðarfærum, sem innihalda plast, sem hafa verið afhent til víðeigandi móttökuaðstöðu í höfnum í samræmi við tilskipun (ESB) 2019/883, eða til annarra sambærilegra söfnunarkerfa sem falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar, og kostnaði við flutning þeirra og meðhöndlun í kjölfarið. Framleiðendur skulu einnig standa straum af kostnaði við ráðstafanir til vitundarvakningar, sem um getur í 10. gr., varðandi veiðarfæri sem innihalda plast.

Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, koma til viðbótar við kröfur sem gilda um úrgang frá fiskiskipum í lögum Sambandsins um móttökuaðstöðu í höfnum.

Með fyrirvara um tækniráðstafanir, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 850/98⁽²⁴⁾, skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit við evrópskar staðlastofnanir að þær þrói samhæfða staðla í tengslum við hringrásarhönnun veiðarfæra til að hvetja til undirbúnings fyrir endurnotkun og greiða fyrir endurvinnanleika við lok vistferilsins.

9. gr.

Sérstök söfnun

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja sérstaka söfnun til endurvinnslu:

- eigi síðar en 2025: á magni úrgangs úr einnota plastvörum, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem jafngildir 77%, miðað við þyngd, af slíkum einnota plastvörum sem eru settar á markað á tilteknu ári,
- eigi síðar en 2029: á magni úrgangs úr einnota plastvörum, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem jafngildir 90%, miðað við þyngd, af slíkum einnota plastvörum sem eru settar á markað á tilteknu ári.

Telja má að einnota plastvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem eru settar á markað í aðildarríki jafngildi því magni úrgangs sem fellur til frá slíkum vörum, þ.m.t. sem rusl, í því aðildarríki á sama árinu.

Til að ná því markmiði er aðildarríkjum m.a. heimilt að:

- koma á fót skilagjaldskerfum,
- ákvarða markmið um sérstaka söfnun fyrir víðeigandi kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda.

Fyrsta málsgrein skal gilda með fyrirvara um a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

2. Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir upplýsingaskiptum og miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkjanna um víðeigandi ráðstafanir til að uppfylla markmiðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., m.a. um skilagjaldskerfi. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega niðurstöður slíkra upplýsingaskipta og miðlun bestu starfsvenja.

3. Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð þar sem mælt er fyrir um aðferðafræði við útreikning og sannpröfun á markmiðunum um sérstaka söfnun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

10. gr.

Ráðstafanir til vitundarvakningar

Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að upplýsa neytendur og til að hvetja til ábyrgrar neysluhegðunar neytenda til að draga úr rusli frá vörum, sem falla undir þessa tilskipun, og þau skulu gera ráðstafanir til að upplýsa neytendur einnota plastvara, sem eru taldar upp í G-hluta viðaukans, og notendur veiðarfæra, sem innihalda plast, um eftirfarandi:

- tiltækileika endurnotanlegra staðgöngukosta, endurnotkunarkerfa og valkosta fyrir úrgangsstjórnun er varða þessar einnota plastvörur og veiðarfæri, sem innihalda plast, sem og bestu starfsvenjur við úrgangsstjórnun sem eru inntar af hendi í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- áhrifin á umhverfið af því að dreifa rusli og af annarri óvíðeigandi förgun úrgangs úr þessum einnota plastvörum og veiðarfæra, sem innihalda plast, einkum á sjávarumhverfið og

⁽²⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 850/98 frá 30. mars 1998 um varðveislu fiskiauílinda með tæknilegum ráðstöfunum til verndunar ungvíði sjávarlífvera (Stjútíð. EB L 125, 27.4.1998, bls. 1).

c) áhrifin á fráveitukerfið af óviðeigandi aðferðum við förgun úrgangs úr þessum einnota plastvörum.

11. gr.

Samræming ráðstafana

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar skal hvert aðildarríkin tryggja að ráðstafanir, sem eru gerðar til að lögleiða þessa tilskipun og koma henni í framkvæmd, myndi órjúfanlegan hluta af og séu í samræmi við áætlanir þess um ráðstafanir sem komið var á fót í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2008/56/EB að því er varðar þau aðildarríki sem eru með hafsvæði, áætlanir um ráðstafanir sem komið var á fót í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, úrgangsstjórnunaráætlanir og áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs sem komið var á fót í samræmi við 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB og áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem komið var á fót samkvæmt tilskipun (ESB) 2019/883.

Ráðstafanir, sem aðildarríkin gera til að lögleiða 4. til 9. gr. þessarar tilskipunar og koma þeim í framkvæmd, skulu vera í samræmi við lög Sambandsins um matvæli til að tryggja að hollustuháttum á sviði matvæla og matvælaöryggi sé ekki stofnað í hættu. Aðildarríkin skulu hvetja til notkunar á sjálfbærum staðgöngukostum fyrir einnota plast, þegar unnt er, fyrir snertiefni matvæla.

12. gr.

Nákvæmar skilgreiningar og viðmiðunarreglur um einnota plastvörur

Í því skyni að ákvarða hvort líta eigi á matarflát sem einnota plastvöru að því er varðar þessa tilskipun skal, til viðbótar við viðmiðanirnar sem eru taldar upp í viðaukanum að því er varðar matarflát, tilhneiging þeirra til að verða að rusli vegna umfangs þeirra eða stærðar, einkum flát fyrir staka neysluskammta, gegna afgerandi hlutverki.

Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin, birta viðmiðunarreglur, þ.m.t. dæmi um hvað skuli teljast vera einnota plastvara að því er varðar þessa tilskipun, eins og við á.

13. gr.

Upplýsingakerfi og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár að því er varðar eftirfarandi:

- gögn um einnota plastvörur, sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, sem hafa verið settar á markað í aðildarríkinu á hverju ári, til að sýna fram á minnkun á notkun í samræmi við 1. mgr. 4. gr.,
- upplýsingar um ráðstafanir sem aðildarríkið gerði að því er varðar 1. mgr. 4. gr.,
- gögn um einnota plastvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, sem hefur verið safnað í sérstakri söfnun í aðildarríkinu á hverju ári til að sýna fram á að markmið um sérstaka söfnun, í samræmi við 1. mgr. 9. gr., hafi náðst,
- gögn um veiðarfæri, sem innihalda plast, sem eru sett á markað og um veiðarfæraúrgang sem er safnað í aðildarríkinu á hverju ári,
- upplýsingar um endurunnið innihald í flöskum fyrir drykkjarvörur, sem eru taldar upp í F-hluta viðaukans, til að sýna fram á að markmiðin, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 6. gr., hafi náðst og
- gögn um úrgang eftir notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, sem hefur verið safnað í samræmi við 3. mgr. 8. gr.

Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um gögnin og upplýsingarnar rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem þeim var safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin og upplýsingarnar á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta skýrslutímabilið skal vera almanaksárið 2022, að undanskildum e- og f-lið fyrstu undirgreinar en að því er þá varðar skal fyrsta skýrslutímabilið vera almanaksárið 2023.

2. Gögnum og upplýsingum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit. Gefa skal skýrslu um gögnin og upplýsingarnar á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 4. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin og upplýsingarnar úr skýrslugjöfnum í samræmi við þessa grein og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagna- og upplýsingasöfnunarinnar, uppruna gagnanna og upplýsinganna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og upplýsinganna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman að lokinni fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögn og upplýsingar og eftir það með því millibili sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. c í 12. gr. tilskipunar 94/62/EB.

4. Eigi síðar en 3. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi síðar en 3. júlí 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn í samræmi við c- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi síðar en 1. janúar 2022 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið fyrir skýrslugjöf um gögn og upplýsingar í samræmi við e- og f-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Taka skal tillit til sniðsins sem var þróað skv. 12. gr. tilskipunar 94/62/EB.

14. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Eigi síðar en 3. júlí 2021 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

15. gr.

Mat og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat á þessari tilskipun eigi síðar en 3. júlí 2027. Matið skal grundvallast á þeim upplýsingum sem eru aðgengilegar í samræmi við 13. gr. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni allar viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar að því er varðar matið og undirbúning skýrslunnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um helstu niðurstöður úr matinu, sem innt var af hendi í samræmi við 1. mgr., fyrir Evrópuþingið, ráðið og Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á. Í þeirri tillögu skal, ef við á, setja bindandi magnbundin markmið um að minnka notkun og setja bindandi söfnunarhlutfall fyrir veiðarfæraúrgang.

3. Skýrslan skal innihalda:

- a) mat á þörf fyrir að endurskoða viðaukann þar sem einnota plastvörur eru taldar upp, þ.m.t. að því er varðar tappa og lok úr plasti sem eru notuð á drykkjarlát úr gleri og málm,mi,
- b) rannsókn á hagkvæmni þess að fastsetja bindandi söfnunarhlutföll fyrir veiðarfæraúrgang og bindandi magnbundin markmið Sambandsins um að minnka notkun, einkum á einnota plastvörum sem eru taldar upp í A-hluta viðaukans, að teknu tilliti til notkunarhlutfalls og þeirrar minnkunar sem þegar hefur nást í aðildarríkjum,
- c) mat á breytingunum á efniviðum sem eru notaðir í einnota plastvörur, sem falla undir þessa tilskipun, sem og nýjum neyslumynstrum og viðskiptalíkönunum sem byggjast á endurnotanlegum staðgöngukostum; alltaf þegar mögulegt er skal það innihalda heildargreiningu á vistferlum til að meta umhverfisáhrif af slíkum vörum og staðgöngukostum þeirra og
- d) mat á framförum á sviði vísinda og tækni varðandi viðmiðanir eða staðal fyrir lífbrjótanleika í sjávarumhverfinu sem á við um einnota plastvörur innan gildissviðs þessarar tilskipunar og einnota staðgöngukosti þeirra sem tryggja fullt niðurbrot í koltvísýring (CO₂), lífmassa og vatn innan tímamarka sem eru nægilega stutt til að plastið nái ekki að skaða sjávarlíf og leiða ekki til þess að plast safnist upp í umhverfinu.

4. Sem hluta af matinu, sem er innt af hendi skv. 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin endurskoða þær ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar einnota plastvörur, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, og skal leggja fram skýrslu um helstu niðurstöður. Í skýrslunni skal einnig íhuga valkosti er varða bindandi ráðstafanir til að minnka úrgang eftir notkun á einnota plastvörum, sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, þ.m.t. sá möguleiki að fastsetja bindandi söfnunarhlutföll fyrir þennan úrgang sem verður til eftir notkun. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

16. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

17. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júlí 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Samt sem áður skulu aðildarríkin beita nauðsynlegum ráðstöfunum til að fara að:

- ákvæðum 5. gr. frá 3. júlí 2021,
- ákvæðum 1. mgr. 6. gr. frá 3. júlí 2024,
- ákvæðum 1. mgr. 7. gr. frá 3. júlí 2021,
- ákvæðum 8. gr. eigi síðar en 31. desember 2024, en eigi síðar en 5. janúar 2023 í tengslum við kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, sem er komið á fót fyrir 4. júlí 2018, og í tengslum við einnota plastvörur sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í þessari málsgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að almenn og sértæk markmið um úrgangsstjórnun, sem sett eru fram í 4. og 8. gr., náist er aðildarríkjum heimilt að lögleiða ákvæðin, sem sett eru fram í 4. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (1. og 8. mgr.), nema að því er varðar einnota plastvörur sem eru taldar upp í III. lið E-hluta viðaukans, með samningum milli lögbærra yfirvalda og hlutaðeigandi atvinnuvega.

Slíkir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) samningar skulu vera framfylgjanlegir,
- b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt viðeigandi tímamörkum,
- c) samningar skulu birtir í stjórnartíðindum hvers ríkis eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,
- d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim árangri sem næst samkvæmt samningnum, gefa skal skýrslu um hann til lögbærra yfirvalda og til framkvæmdastjórnarinnar og koma honum á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,
- e) lögbær yfirvöld skulu setja ákvæði um að sú framvinda, sem náðst hefur samkvæmt samningi, skuli könnuð og
- f) ef ekki er staðið við samning skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 4. gr. um minnkun á notkun

- 1) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.
- 2) Matarflát, þ.e. flát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:
 - a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,
 - b) er alla jafna neytt beint upp úr flátinu og
 - c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,

Þar með talin matarflát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarflátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.

B-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 5. gr. um takmarkanir á setningu á markað

- 1) Pinnar úr baðmullarpinum, nema þeir falli undir gildissvið tilskipunar ráðsins 90/385/EBE ⁽¹⁾ eða tilskipunar ráðsins 93/42/EBE ⁽²⁾.
 - 2) Hnífapör (gafflar, hnífar, skeiðar, matprjónar).
 - 3) Diskar.
 - 4) Sogrör, nema þau falli undir gildissvið tilskipunar 90/385/EBE eða tilskipunar 93/42/EBE.
 - 5) Hræripinnar fyrir drykkjarvörur.
 - 6) Prik sem skal festa við blöðrur og sem halda þeim uppi, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda, þ.m.t. búnaður á slík prik.
 - 7) Matarflát úr þöndu pólýstýreni, þ.e. flát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:
 - a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,
 - b) er alla jafna neytt beint upp úr flátinu og
 - c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,
- Þar með talin matarflát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarflátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.
- 8) Drykkjarflát úr þöndu pólýstýreni, þ.m.t. tappar þeirra og lok.
 - 9) Bollar fyrir drykkjarvörur úr þöndu pólýstýreni, þ.m.t. lok þeirra.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjttíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjttíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

C-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 1. til 4. mgr. 6. gr. um kröfur varðandi vörur

Drykkjarflát sem taka allt að þrjú lítra, þ.e. flát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki:

- a) drykkjarflát úr gleri eða plasti sem eru með tappa og lok úr plasti,
- b) drykkjarflát sem eru ætluð fyrir og notuð undir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í g-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ⁽³⁾, sem eru í vökvaformi.

D-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 7. gr. um kröfur um merkingar

- 1) Dömubindi (innlegg), tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir.
- 2) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.
- 3) Tóbaksvörur með sífum og sífur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.
- 4) Bollar fyrir drykkjarvörur.

E-HLUTI

I. Einnota plastvörur sem falla undir 2. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda

- 1) Matarflát, þ.e. flát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:
 - a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,
 - b) er alla jafna neytt beint upp úr flátinu og
 - c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,þar með talin matarflát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarflátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.
- 2) Pakkar og umbúðir úr sveigjanlegu efni sem innihalda matvæli sem eru ætluð til neyslu á staðnum úr pakkanum eða umbúðunum án frekari tilreiðslu.
- 3) Drykkjarflát sem taka allt að þrjú lítra, þ.e. flát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki flát úr gleri eða málm sem eru með tappa og lok úr plasti.
- 4) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.
- 5) Þunnir burðarpokar úr plasti eins og þeir eru skilgreindir í 1. lið c í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB.

II. Einnota plastvörur sem falla undir 3. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda

- 1) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.
- 2) Blöðrur, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjttíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

III. Aðrar einnota plastvörur sem falla undir 3. mgr. 8. gr. um rýmkaða ábyrgð framleiðanda

Tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.

F-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 9. gr. um sérstaka söfnun og 5. mgr. 6. gr. um kröfur varðandi vörur

Flöskur fyrir drykkjarvörur sem taka allt að þrjá lítra, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki:

- a) flöskur fyrir drykkjarvörur, úr gleri eða plasti, sem eru með tappa og lok úr plasti,
- b) flöskur fyrir drykkjarvörur sem eru ætlaðar fyrir og notaðar undir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er í g-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, sem eru í vökvaformi.

G-HLUTI

Einnota plastvörur sem falla undir 10. gr. um vitundarvakningu

- 1) Matarflát, þ.e. ílát s.s. öskjur, með eða án loks, sem eru notaðar undir matvæli sem:
 - a) eru ætluð til neyslu á staðnum, annaðhvort á sölustað eða annars staðar,
 - b) er alla jafna neytt beint upp úr ílátinu og
 - c) eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, s.s. eldunar, suðu eða hitunar,þar með talin matarflát sem eru notuð undir skyndibita eða aðra máltíð sem er tilbúin til neyslu á staðnum, að undanskildum drykkjarílátum, diskum og pökkum og umbúðum sem innihalda matvæli.
- 2) Pakkar og umbúðir úr sveigjanlegu efni sem innihalda matvæli sem eru ætluð til neyslu á staðnum úr pakkanum eða umbúðunum án frekari tilreiðslu.
- 3) Drykkjarílát sem taka allt að þrjá lítra, þ.e. ílát sem eru notuð undir vökva, s.s. flöskur fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, og samsettar umbúðir fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. tappar þeirra og lok, en ekki ílát úr gleri eða málmum sem eru með tappa og lok úr plasti.
- 4) Bollar fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra.
- 5) Tóbaksvörur með síum og síur sem eru settar á markað til notkunar í samsetningu með tóbaksvörum.
- 6) Blautþurrkur, þ.e. forbleyttar þurrkur til persónulegrar umhirðu og heimilisnota.
- 7) Blöðrur, nema blöðrur til notkunar í iðnaði eða annarrar notkunar í atvinnuskyni og til notkunar þar sem þeim er ekki dreift til neytenda.
- 8) Þunnir burðarpokar úr plasti eins og þeir eru skilgreindir í 1. lið c í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB.
- 9) Dömubindi (innlegg), tíðatappar og hólkar til að koma tíðatöppum fyrir.